

FORNAR ÁSTIR

Sumt sem ekki er í sögum sagt og þó má vita.

I. Egill og Ásgerður.

Frá því segir í 42. kap. Egils sögu, að „þá er mjök var komit at stefnudegi þeim, er Þórólfr skyldi heiman fara [til brúðkaups síns] ok brúðmenn voru komnir, þá tók Egill sótt, svá at hann var eigi færr.“ Þó að sagan gefi það með engu orði í skyn, þá eru öll líkindi til þess, að Egill hafi gert sér upp veikindi þessi, af því að hann vildi ekki vera í brúðkaupi bróður síns. Honum leist sjálfum vel á brúðurina, Ásgerði, dóttur Bjarnar hölds og hinnar fögru Þóru hlaðhandar, eins og seinna kom fram. Ásgerður hafði erft fugurð móður sinnar. Henni er ekki lýst í sögunni — sögu-höfundarnir hafa merkilega lítið við að lýsa kvenfugurð — en af því, sem um Þorstein segir, son Ásgerðar og Egils, getum vér farið nokkuð nærrí um það hvernig móðirin muni hafa verið í sjón: „Þorsteinn var allra manna fríðastur sýnum, hvítr á hár ok bjartr álítum.“

Þarna var frábær fugurð, ættlið eftir ættlið, sem ekki einu sinni ófríðleiki Egils gat unnið bug á.

2. Haraldur harðráði og konur hans.

I

Einn sá kafli í Heimskringlu, sem best er sagður, er af samdrætti Ólafs konungs helga og Ingigerðar dóttur Ólafs Svíakonungs. Varð þó ekki af, en Ingigerður giftist Jarizleifi konungi í Hólmgarði. Til þeirra Jarizleifs og Ingigerðar kom svo, löngu síðar, Haraldur Sigurðarson, hálfbróðir Ólafs konungs, er hann sneri aftur norður á við, eftir tíðindaríka dvöl í Suðurlöndum. Hafði hann nú síðast, með harðfylgi miklu og þó nauðulega, komist burt úr Miklagarði. Hafði

Haraldur auðgast mjög í ferðum sínum af gulli og góðum gripum og sent þeim konungshjónum í Hólmgarði til varðveislu. Nú þegar hann kom þar, var Elísabet dóttir þeirra — sú er Norðmenn kölluðu síðar Ellisif — gjafvaxta, og leist Haraldi vel á meyna, en konungsdóttir vildi ekki þýðast hann, fyrst í stað, þótti maðurinn svakalegur, mikill sem tröll og stórskorinn í andliti; og svo er ekki óliklegt, að hún hafi frétt um aðfarir hans gagnvart Maríu hinni grísku, frænku Zóe drottningar í Miklagarði, og verið nóg boðið. En þó fór svo að lokum, að Haraldur fékk Ellisifjar. Hælir Stúfur skáld þessari mágsemd er hann yrkir um Harald konung:

Mægð gat allvaldr Egða
ógnar mildr þás vildi;
golls tók gumna spjalli
gnótt ok bragnings dóttur.

Hitt getur skáldið auðvitað ekki um í þessu lofkvæði, að nokkur fyrirstaða hafi verið, áður „allvaldr Egða“, sem seinna varð, fékk konungsdótturina. Snorri segir heldur ekki frá því, það er eins og honum hafi ekki þótt taka því að segja þessa ástarsögu, og það lítið sem hann segir er jafnvel villandi. En þó kemur sannleikurinn fram í því sem sagt er. „Í þessum ferðum (frá Miklagarði til Hólmgarðs“, segir Snorri Hkr. s. 456), „orti Haraldr gamanvisur, ok eru saman XVI ok er eitt niðurlag at öllum.“ En niðurlagið er þetta: „Þó lætr Gerð í Görðum — gollhrings við mér skollat.“

Nú er það í augum uppi, að vísur þessar eru ekki ortar á leiðinni til Hólmgarðs eins og Snorri segir, heldur eftir að þangað kom, og í því skyni að blíðka konungsdótturina. Eina vísan sem Snorri tilfærir, byrjar þannig: „Sneið fyr Sikiley víða — Súð, várum þá prúðir.“ En allar sextán enduðu þær eins: Þrátt fyrir slíkar frægðarfari, vill konungsdóttirin ekki líta við mér.

Þetta margendurtekna viðkvæði er oss ágæt heimild fyrir því, að það var ekki alveg fyrirstöðulaust, sem Haraldr „gat mægð þá er vildi;“ en um hitt fáum vér því miður ekkert að

vita, með hverjum hætti Haraldur fékk Ellisif til að skipta skapi sínu — eða e. t. v. foreldrar hennar.

II

Haraldur konungur Sigurðarson var vitur maður og mikill vinur Íslendinga fyrir þá sök, að honum fannst þeir vitrari og fróðari en aðrir menn. Sighvatur skáld hafði kennt Haraldi að yrkja, á ungum aldri, og hann — sem var nokkurskonar Matthías sinnar aldar — hafði neytt skáldskapnum upp á Ólaf konung bróður hans; en Ólafur var í fyrstu mjög fráhverfur öllum kveðskap, þótti slíkt heiðið athæfi. Noregskonungasögur hefðu orðið mun fátæklegri, hefði ekki Sighvati tekist þetta afreksverk, að endurvekja áhuga konunganna á skáldum og skáldskap. Varðveisist hefir vísa, sem Haraldur Sigurðarson orti 15 ára gamall, er hann flúði úr Stiklastaðaorustu: „Nú lætk skóg af skógi — skreiðast lítils heiðar — hver veit nema ek verði — víða frægr of síðir.“ Er þar eftirtektarvert, að Haraldur kann ekki að beygja orðið „heiður.“

Þegar Haraldur var orðinn einn konungur yfir Noregi, eftir dauða Magnúsar góða, tók hann sér aðra konu til, Þóru Þorbergsdóttur frá Giska. Var móðir hennar Ragnhildur, dóttir Erlings Skjálgssonar, en móðir Ragnhildar var Ástríður systir Ólafs Tryggvasonar. Ekki eitt orð er oss sagt af atgervi Þóru, en vér getum ráðið það nokkuð af lýsingu Snorra á Ólafi syni hennar: „Pat er allra manna sögn, at engi maðr hafi sét fegra mann eða tígulegra sýnum; hann hafði gult hár sem silki ok fór afarvel, bjartan líkam, eygðr manna bezt, limaðr vel.“ Er þetta líkt og um Ásgerði konu Egils, eins og áður var á vikið; vér verðum að ráða útlit hennar af því, sem sagt er um Þorstein son hennar.

Sonur Ólafs þessa hins fagra var Magnús berbeinn, sem líktist um friðleik í móðurætt Ólafs. En dóttir Magnúsar berbeins var Þóra, sem varð móðir Jóns Loptssonar í Odda, og þannig ættmóðir Íslendinga. Er gott að geta talið aett sína til slikra ágætismanna, sem Arnmæðlingar voru, eða Giskaættin, nánar tiltekið.